Lykilupplýsingar

ÍV Eignasafn II hs.
(hér eftir „sjóðurinn“ eða „ ÍV Eignasafn II“)
Kennitala: 670121-9920
ISIN: IS0000032845

Skjal þetta veitir þér lykilupplýsingar um þ ennan sjóð. Það er ekki markaðsefni. Upplýsingagjöfin er lögbundin og á í þeim tilgangi að hjálpa þér að skilja eðli, áhættu, kostnað, hugsanlegan ávinning og tap af afurðinni og hjálpa þér að bera hana saman við aðrar afurðir.

Afurð

Heiti: ÍV Eignasafn II hs.
ISIN: IS0000032845
Framleiðandi: Íslensk verðbréf hf.
Kt. 491001-2080, **www.iv.is**

Lykilupplýsingar þessar miðast við 31. desember 2025.

Íslensk verðbréf hf. er eignastýringarfyrirtæki með starfsleyfi frá fjármálaeftirlti Seðlabanka Íslands til að reka verðbréfasjóði, sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta og sérhæfða sjóði sem markaðssettir eru til fagfjárfesta. Félagið starfar á grundvelli laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Þá hefur félagið einnig heimild til eignastýringar. Íslensk verðbréf hf. er dótturfélag Skaga hf.

Hvers konar afurð er þetta?

Tegund
Sjóðurinn er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta skv. lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta hafa rýmri fjárfestingaheimildir en verðbréfasjóðir. Fjárfestingarheimildir sjóðsins koma fram undir fjárfestingarstefnuhluta útboðslýsingar hans.
Kennitala sjóðsins er 670121-9920

Markmið
Markmið sjóðsins er að veita hlutdeildarskírteinishöfum ávöxtunartækifæri í gegnum safn eigna þar sem áhersla er á eignaflokka- og áhættudreifingu. Fjárfesting í tilteknum eignaflokki, svo sem hlutabréfum eða skuldabréfum getur verið hvort sem er með beinni fjárfestingu eða með fjárfestingu í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu.

Fyrirhugaður almennur fjárfestir
Sjóðurinn hentar bæði einstaklingum og fyrirtækjum sem vilja fjárfesta til skamms tíma. Sjóðurinn er ætlaður almenningi sem og fagfjárfestum, s.s. lífeyrissjóðum og fyrirtækjum, sem velja sér fjárfestingakosti sem fela í sér sjóði um sameiginlega fjárfestingu með rekstri og umsjón fagaðila skv. lögum og eftirliti sem um slíkan sjóð gildir á hverjum **tíma**.

Líftími
Sjóðurinn er opinn sjóður og engin lokadagsetning er til staðar fyrir sjóðinn. Hins vegar hefur framleiðandi afurðarinnar rétt á að slíta sjóðnum undir ákveðnum kringumstæðum. Nánari upplýsingar má finna í útboðslýsingu sjóðsins.

Deildarskipting
ÍV Eignasafn II er ekki deildarskiptur.

Aðrar upplýsingar
Útboðslýsing, gengi, ársreikningur og hálfsársuppgjör sjóðsins eru aðgengileg hjá Íslenskum verðbréfum og á heimasíðu félagsins www.iv.is. Upplýsingar um starfskjarastefnu Íslenskra verðbréfa er að finna á heimasíðu félagsins, www.iv.is. Upplýsingar um ávöxtun sjóðsins má finna á www.iv.is.

Vörsluaðili: T Plús hf.
Söluaðili: Sjá heimasíðu www.iv.is
Uppgjörsmynt sjóðs: ISK
Sjóðurinn var stofnaður árið 2021
Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður

Hverjar eru áhætturnar og hvaða ávöxtun gæti ég fengið?

Áhættumælikvarðinn og helstu takmarkanir hans





Áhættuvísirinn gengur út frá því að þú haldir afurðinni í 5 ár

Samantekinn áhættuvísir er leiðbeinandi um áhættustig þessarar afurðar í samanburði við aðrar afurðir. Hann sýnir hversu líklegt er að afurðin muni lækka í verði vegna hreyfinga á mörkuðum. Sjóðurinn mælist í áhættuvísi 3 af 7 , þ.e.a.s. sem er miðlungs áhættuvísir. Þetta þýðir að það er miðlungs áhætta á sveiflum í gengi sjóðsins.

Áhættuvísirinn endurspeglar aðallega verðbreytingar í eignum sem sjóðurinn hefur fjárfest í vegna hreyfinga á verðbréfamörkuðum. Áhættuþættir sem hafa áhrif á afurðina en áhættuvísirinn nær ekki yfir eru m.a: Skuldaraáhætta en það er sú áhætta að sá sem skuldar sjóðnum borgi ekki skuld sína að hluta eða öllu leyti t.d. vegna gjaldþrots. Eins geta innlánakröfur sjóðsins t.d. tapast við gjaldþrot fjármálastofnunar. Lausafjáráhætta er í sjóðnum þar sem það gæti gerst að eignir sjóðsins seljist ekki tímanlega og á ásættanlegu verði til að verða við innlausnarbeiðnum. Rekstraráhætta er í sjóðnum en sjóðurinn gæti tapað fjármunum vegna mistaka eða ófullnægjandi ferla eða kerfa rekstaraðila. Aðrir áhættuþættir gætu verið til staðar og nánari upplýsingar eru í útboðslýsingu sjóðsins sem finna má á heimasíðu Íslenskra verðbréfa.

Þessi afurð felur ekki í sér vernd gegn framtíðarárangri markaðarins svo að þú gætir tapað hluta eða allri fjárfestingu þinni.

Árangurssviðsmyndir

Þessi tafla sýnir fé sem þú gætir fengið til baka á næstu 1-5 árum samkvæmt mismunandi sviðsmyndum, að því gefnu að þú fjárfestir 1.000.000 kr. Sviðsmyndirnar varpa ljósi á hver árangur fjárfestingar þinnar gæti verið. Þú getur borið þær saman við sviðsmyndir annarra afurða.

Sviðsmyndir		Ef innleyst eftir:		
Fjárfesting 1.000.000 kr.	Ráðlagður fjárfestingartími 5 ár	1 ár	3 ár	5 ár
Álagssviðsmynd	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	874569 kr.	792941 kr.	739864 kr.
	Meðalávöxtun á hverju ári	-12,54%	-7,44%	-5,85%
Óhagstæð sviðsmynd	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	950624 kr.	948132 kr.	960845 kr.
	Meðalávöxtun á hverju ári	-4,94%	-1,76%	--0,8%
Hófleg sviðsmynd	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	1.019.555 kr.	1.070.266 kr.	1.123.498 kr.
	Meðalávöxtun á hverju ári	1,96%	2,29%	2,36%
Hagstæð sviðsmynd	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	1.093.094 kr.	1.207.701 kr.	1.313.216 kr.
	Meðalávöxtun á hverju ári	9,31%	6,49%	5,6%

Sviðsmyndirnar sem settar eru fram eru mat framtíðarárangurs sem byggður er á gögnum úr fortíðinni um hve mikið verðmæti þessarar fjárfestingar breytist en ekki nákvæmur mælikvarði. Það sem þú færð veltur á því hvernig markaðurinn starfar og hve lengi þú heldur fjárfestingunni/afurðinni. Álagssviðsmyndin sýnir hvað þú gætir fengið til baka við alvarlegar markaðsaðstæður og hún tekur ekki tillit til aðstæðna þegar við getum ekki greitt þér. Tölurnar sem sýndar eru fela í sér allan kostnað við afurðina sjálfa, en ekki endilega allan þann kostnað sem þú greiðir ráðgjafa þínum eða dreifingaraðila. Tölurnar taka ekki tillit til persónulegrar skattastöðu þinnar sem getur einnig haft áhrif á hversu mikið þú færð til baka

Hvað gerist ef Íslensk verðbréf hf. geta ekki greitt út?

Ef Íslensk verðbréf hf. getur ekki greitt út gætir þú orðið fyrir fjárhagslegu tapi. Fjárfestingar viðskiptavinar í sjóðum Íslenskra verðbréfa njóta almennt ekki tryggingarverndar samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Vörsluaðili sjóðsins (T Plús hf.) heldur eignum sjóðsins aðskildum frá eignum Íslenskra verðbréfa hf. Í versta falli gætir þú tapað allri fjárfestingu þinni. Íslensk verðbréf hvetja viðskiptavini að kynna sér almenna fyrirvara félagsins.

Hver er kostnaðurinn?

Aðilinn sem selur eða veitir ráðgjöf um þessa afurð kann að innheimta gjald vegna annars kostnaðar. Ef svo er, mun aðili þessi veita þér upplýsingar um þennan kostnað og sýna þér hvaða áhrif allur kostnaður mun hafa á fjárfestingu þína yfir tíma

Kostnaður yfir tíma

Lækkun á ávöxtun (RIY) sýnir hvaða áhrif heildarkostnaður sem þú greiðir muni hafa á ávöxtun sem þú kannt að fá af fjárfestingunni. Í heildarkostnaði er tekið tillit til staks kostnaðar, viðvarandi kostnaðar og aukakostnaðar. Fjárhæðirnar sem eru sýndar hér eru uppsafnaður kostnaður afurðarinnar sjálfrar yfir mismunandi fjárfestingartímabil. Í þeim felast hugsanleg viðurlög vegna snemmbærrar útgöngu. Tölurnar gera ráð fyrir að þú fjárfestir 1.000.000 kr. Tölurnar eru áætlaðar og þær geta breyst í framtíðinni.

Fjárfesting: 1.000.000 kr.

	Ef selur eftir 1 ár	Ef selur eftir 5 ár
Heildarkostnaður	27.727 kr.	118.636
Áhrif á ávöxtun (RIY)	2,77%	2,37%

Samsetning kostnaðar

Taflan hér að neðan sýnir:

- Árleg áhrif mismunandi tegundum kostnaðar við ávöxtun fjárfestingar sem þú gætir þurft að greiða í lok ráðlags fjárfestingartíma
- Merking mismunandi kostnaðarflokka

Tafla þessi sýnir áhrifin á hagnaðinn á hverju ári			
Stakur kostnaður	Inngöngukostnaður	0,50%	Við innheimtum inngöngugjald þegar keypt er í sjóðnum
	Útgöngukostnaður	0,00%	Við innheimtum ekki útgöngukostnað
Viðvarandi kostnaður	Viðskiptakostnaður eignasafns	2,15%	Áhrif kostnaðar við að kaupa og selja undirliggjandi fjárfesingar fyrir afurðina
	Annar viðvarandi kostnaður	1,74%	Áhrif kostnaðar sem við innheimtum árlega fyrir að stýra fjárfestingum þínum.
Aukakostnaður	Árangurstengdar þóknanir (2025)	0,12%	Við innheimtum 15% árangurstengda þóknun ef ávöxtun er umfram viðmið
	Hlutdeild í hagnaði	0,00%	Við innheimtum ekki hlutdeild í hagnaði

Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið fé út snemma

Þú ættir að gera ráð fyrir að halda fjárfestingu þinni í 5 ár eða lengur. Hægt er að innleysa hlutdeildarskírteini að kröfu eiganda án kostnaðar en söluaðila sjóðsins er heimilt að innheimta afgreiðslugjald. Hægt er að kaupa og innleysa hlutdeildarskírteini alla virka daga. Pantanir sem berast fyrir viðmiðunartíma viðskipta kl. 14:00 til sjóðsins eru afgreiddar að tveimur virkum dögum liðnum. Pantanir sem berast eftir viðmiðunartíma viðskipta eru afgreiddar að þremur virkum dögum liðnum. Í undantekningartilvikum gæti innlausnum verið frestað.

Hvernig ber ég fram kvörtun?

Hægt er að bera fram kvörtun til Íslenskra verðbréfa skriflega á tölvupóstfangið regluvarsla@iv.is. Tiltaka skal ástæður kvörtunar og lýsa í meginatriðum því sem kvartað er yfir. Einnig er hægt að bera fram kvörtun með bréfpósti. Nánari upplýsingar um meðhöndlun kvartana er hægt að nálgast hér á heimasíðu Íslenskra verðbréfa.